

LANDPÓSTURINN

4.tbl. 9.árg. september 1997 • Fréttabréf Félags landfræðinga
Pósthólf 5391 • 125 Reykjavík • ábm.: Kristinn Einarsson

Skipulag miðhálandisins — fræðslu- og umræðufundur —

Fyrsti fundur vetrarins verður haldinn **miðvikudaginn 8. október kl. 20:30 í stofu 210 í Odda**. Fyrirlesari um þessa heitustu kartöflu á sviði land- og skipulagsfræðinga um þessar mundir er formaður félagsins, **Guðrún Halla Gunnarsdóttir**, en hún stjórnaði þeirri faglegu vinnu sem unnin var vegna mótunar á skipulagstillögunni. Umsagnarfrestur um skipulagstillöguna rennur út 10. október, svo ekki er seinna vænna að kynna sér málið !

Dagskrá fram að jólum

Stjórnin ákvað á fyrsta fundi haustsins að gera *miðvikudaga* að fundardögum félagsins. Fyrsti félagsfundurinn er auglýstur hér að ofan, en sá næsti er áætlaður 5. nóvember, og mun Árni Jón Elíasson þá segja frá könnun sinni á ísingu á raflinum. Árni starfar hjá RARIK á Kirkjubæjarklaustri og vinnur að ísingarmælingum fyrir bæði RARIK og Landsvirkjun. Miðvikudaginn 3. desember er svo ætlunin að koma saman og fá sér jólaglökk á einhverju (eða einhverjum ?) af öldurhúsum bæjarins. Þessir viðburðir verða nánar auglýstir síðar.

Innheimta félagsgjalda

Innan skamms verða sendir út giró- eða bankaseðlar til félagsmanna með félagsgjaldinu, en það er óbreytt frá fyrra ári kr. 2.000. Vonast er til að fólk bregðist vel við að vanda.

Leiðréttingar á félagatali

Berglind Karlsdóttir Flúðaseli 65 109 Reykjavík berglind@umferd.is

Netfangalisti félagsmanna

Netfangalistinn **landpostur@os.is** inniheldur nú 42 nöfn, eða tæpan þriðjung félagsmanna. Á hann er textaútgáfa fréttabréfsins send, sem þýðir að viðtakendur eru fljótari að fá fréttirnar en þeir sem aðeins fá pappírsgáfuna með bréfapóstinum.

Eins og áður hefur verið sagt frá, geta félagsmenn notað listann sjálfir til skoðanaskipta. Beiðnum um að komast á listann eða láta strika sig út af honum skal komið til Kristins Einarssonar á netfangið **ke@os.is**. Hægt er að fá upplýsingar um, hverjir séu á listanum með því að senda tölvupóst til **majordomo@os.is** með skipanalífunni `who landpostur` sem innihald. Skipanalínan `help` gefur upplýsingar um fleiri skipanir, sem hægt er að gefa.

Fjarkönnunargögn af Íslandi

Fimmtudaginn 9.október kl. 10:00-12:00 verður kynning á vegum LÍSU á fjarkönnunargögnum af Íslandi sem aflað er með gervitunglum undir yfirskriftinni: *Fjarkönnunargögn frá gervitunglum af Íslandi. Vannýtt gagnalind eða hvað ?* Kynningin verður á Grand Hótel Reykjavík, í salnum Gallerí.

Daglega sveima gervitungl yfir Íslandi og safna gögnum sem fáir nýta sér ennþá hér á landi. Gögnin eru tekin niður í móttökustöðvar og varðveitt. Ein slík móttökustöð er í bænum Kiruna í Norður-Svíþjóð.

Í Kiruna er mjög stórt safn gervitunglamynda af Íslandi og sífellt bætast við ný gögn og nýjum gervitunglum er reglulega skotið á loft. Gögn af þessu tagi eru víða um heim notuð í landupplýsinga-kerfum við fjölbreytileg verkefni. Hver er þróunin hér á landi ?

Gestur fundarins Per Zeitlitz kemur frá fyrirtækinu SSC Satellitbild í Svíþjóð

sem vinnur að móttöku, söfnun og dreifingu gerivitunglagagna m.a. af Íslandi. Landmælingar Íslands hafa verið í samstarfi við SSC Satellitbild um árabíl aðallega vegna öflunar Landsat og Spot gervitunglamynda af Íslandi sem stofnunin hefur notað við gerð samsettra stafrænna mynda af öllu landinu, og segir Magnús Guðmundsson á Landmælingum frá stefnumótun í fjar-könnun á Íslandi, auk þess sem Þórir Már Einarsson hjá Hnit hf. ræðir um landupplýsingakerfi og fjarökönnun.

Nánari upplýsingar gefur framkvæmdastjóri LÍSU, Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir, í síma 562 9822 eða um netfangið lisa@nattfs.is

Erindi á norðurslóðaráðstefnu

Próf. Ingi Sigurðsson, sem stjórnar þætti Íslands í ráðstefnunni "History of the Arctic and Sub-Arctic Region", en hún verður haldin í júní 1998, bað félagið um að koma því til skila, að það væri æskilegt að landfræðingar kæmu þar með innlegg um tegundir og þróun landbúnaðar á norðurslóðum í ljósi landfræðilegra aðstæðna. Reiknað er með að menn skrái sig og erindi sín fyrir lok októbermánaðar. Nánari upplýsingar fást hjá próf. Inga í síma 525 4426 eða gegnum netfangið ingi@rhi.hi.is.

Hugmyndir frá félagsmönnum

Vel væri þegið, ef félagsmenn létu í sér heyra með hugmyndir að þema fyrir vorráðstefnu Félags landfræðinga.

Einnig þætti stjórninni gott að fá tillögur um fyrirlesara og/eða efni fyrirlestra vegna kvöldfunda eftir áramót.

Tekið skal fram að hugmyndabanki stjórnarinnar er síður en svo tómur, en hins vegar sakar ekki að auka fjölbreytnina!!

Fréttir af námskrárvinnu

Það er helst að fréttu af vinnu menntamálaráðuneytisins við endurskoðun námskráa í samfélagsgreinum (og þar með landafræði) að ekki hefur verið haldinn fundur í forvinnuhópnum síðan í júní. Ástæður þess eru að vinna

Þessi hefur tekið miklu lengri tíma heldur en áætlað var í upphafi og því hafa þeir nefnarmanna sagt sig úr nefndinni m.a. sökum þess að þeir hafa farið til útlanda í námsleyfi. Menntamálaráðherra er enn ekki búinn að skipa nýja nefndarmenn í stað hinna þriggja og mun nefndin ekki taka aftur til starfa fyrr en hún verður fullskipuð.

Hitt er þó annað mál, og nú liggur fyrir áhugasömum landfræðingum að aðstoða mig við samningu tillögu að námskrá í landafræði fyrir framhaldsskólann, annars vegar námskrá sem ætti að tilheyra kjarna allra bóknámsbrauta (til stúdentsprófs) og hins vegar það sem náttúrufræðibraut myndi taka að auki. Þeir sem áhuga hafa á að taka þátt í slíkri vinnu er vinsamlegast beðnir um að hafa samband við undirritaða hið fyrsta. Ég mun fljótlega einbeita mér að þessum málum til að koma með nokkuð mótaðar hugmyndir inn á fund forvinnuhóps, þegar hann loksins hittist. Ljóst er að landafræði hefur á brattann að sækja sem kjarnagrein í framhaldsskóla, hvort sem er á bóknámsbrautum eða verk- og iðnnámsbrautum. Því er mikilvægara en nokkru sinni að útbúa faglegan rökstuðning fyrir því hvers vegna nám í landafræði er nemendum nauðsynlegt veganesti.

Kær kveðja, Auður Pálsdóttir (audurp@khi.is)

Inga Ingbjörg Guðmunds
Bröttubrékkun 1
200 "Órævgi"

